



Hljóðbókasafn Íslands



Starfsskýrsla 2018

Efnisyfirlit

Hlutverk og markmið	1
Stefnumótun 2019-2021	1
Innra starf	3
HBS-app	3
Skjalastjórnunar- og gæðakerfi	3
Persónuverndarmál/GDPR	4
Persónuverndarstefna	5
Jafnréttisáætlun og jafnlaunamál	5
Græn skref í ríkisrekstri	5
Fyrirmyndarstofnun 2018	7
Innlent samstarf	8
Blindrafélagið	8
Menntavísindasvið HÍ	8
Hringsjá	8
Háskólinn í Reykjavík	8
Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda	9
Sérkennarar og námsráðgjafar	9
Norrænt samstarf	9
Nordic IT Forum	10
User Service Group	10
Children's Service Group	10
Nordic Intelligence Group	11
Sameiginleg innkaup á bókum á ensku frá RNIB	11
Millisafnalán á Norðurlöndum	11
Þakklátir lánþegar	12
Lykiltölur 2018	12
Tegund útlána 2016-2018	13
Lánþegar	13
Almennar upplýsingar	16
Lesarar 2018	17
Framleiddar bækur á Hljóðbókasafni Íslands 2018	18
Grein - Rétturinn til að lesa er mannréttindi	28

Hlutverk og markmið

„Hlutverk Hljóðbókasafns Íslands er að sjá þeim sem ekki geta fært sér venjulegt prentað letur í nyt fyrir bókasafnsþjónustu með miðlun á fjölbreyttu safnefni, þar á meðal námsgögnum, í sem bestu samræmi við óskir og þarfir notenda.“

(IV kafli Bókasafnalaga nr. 150/2012)

Hlutverki sínu þjónar Hljóðbókasafn Íslands með stuðningi undanþágu í 19. grein Höfundalaga, nr. 73/1972, þar sem segir: „*Heimil er eftirgerð og dreifing eintaka af verkum sem út hafa verið gefin þegar slík eintök eru sérstaklega ætluð til nota fyrir blinda, sjónskerta, heyrnarlausu, lestrarhamlaða eða aðra þá sem vegna fötlunar eiga erfitt með að lesa prentað mál.*“

Safnið starfar enn fremur samkvæmt samningi milli mennta- og menningarmálaráðuneytis f.h. Blindrabókasafns Íslands og Rithöfundasambands Íslands frá árinu 2009 um eintakagerð og dreifingu efnis til blindra, sjónskertra og lestrarhamlaðra byggðum á 19. gr. höfundalaga nr. 73/1972 og kveður samningur á um bætur til höfunda vegna dreifingarinnar, ásamt eingreiðslu til Rithöfundasambands Íslands.

Markmið og stefna Hljóðbókasafns Íslands er fyrst og síðast að opna aðgang að hvers konar prentuðum texta fyrir þá sem ekki geta lesið prentað mál. Verkefni safnsins er að efla stöðugt og bæta þjónustu við prentleturshamlaða einstaklinga á Íslandi. Sérstök áhersla er lögð á að gera prentleturshömluðum nemendum kleift að nálgast námsefni til jafns við aðra. Hljóðbókasafn Íslands leitast við að gera æ meira efni aðgengilegt á hljóðformi með ári hverju og að nýta þá fjármuni sem stofnuninni er úthlutað sem allra mest í framleiðslu aðgengilegs efnis og þjónustu við lánþega, en halda yfirbyggingu í lágmarki. Markmið Hljóðbókasafns Íslands eru í sífelldri endurskoðun til samræmis við öra þróun og framfarir í tækni og vísindum í heiminum.



Stefnumótun Hljóðbókasafns Íslands 2017-2019 byggist á 6 meginmarkmiðum:

1. Að auka framleiðslu og fjölbreytni efnis með því að setja meira fjármagn í kostnað við innlestur og huga að öðrum tegundum lesefnis svo sem tímaritum. Jafnframt að kanna safnkost í leit að „götum“.
2. Að tryggja gæði og aðgengi safnkosts til lánþega með því að innleiða nýtt smáforrit til afspilunar í samstarfi við danska hljóðbókasafnið NOTA. Og með því að gæta öryggis safnkostsins eins og best verður á kosið.
3. Að auka sýnileika og meðvitund um þjónustu með því að efla samstarf við fagaðila og þá er koma að þjónustu við prentleturshamlaða einstaklinga.
4. Auka umhverfismeðvitund og vinna í grænum skrefum. Eitt af mörgum markmiðum er að minnka notkun geisladiska.
5. Að efla og styrkja starfsmenn til að takast á við síbreytilegt vinnuumhverfi meðal annars með endurmenntun, erlendri samvinnu og fleira.
6. Að nýta fjármuni sem best, en markmið safnsins er ætíð að skoða reglulega hvort og hvernig megi spara og bæta reksturinn í þágu þjónustuþega.


Þessi verkefni eru öll í vinnslu og sumum er lokið eins og lið 2 þar sem nýtt app er komið á laggirnar og safnkostur er í öruggri geymslu í gagnaverinu Verne í gegnum þjónustu Opinna kerfa. Liður fjögur er langt kominn en 2018 fékk Hljóðbókasafnið viðurkenningu á skrefi númer fjögur og þá er aðeins eitt skref eftir. Önnur markmið eru þess eðlis að þeim lýkur aldrei en er haldið við með reglulegri endurskoðun.

Innra starf

Mikil minna var lögð í ýmiss konar gæðabreytingar á Hljóðbókasafni Íslands á árinu enda er markmið safnsins að vera til fyrirmyndar á öllum sviðum, svo sem á þjónustusviði og stjórnsýslusviði og lagt er kapp á að gera vinnustaðinn eins starfsmannavænan og mögulegt er. Farið var í ýmis gæðastjórnunarverkefni á árinu, í því skyni að fylgja lögum og reglum og byggja upp gagnsætt og auðskiljanlegt skipulag.

HBS-app

Mikil vinna var lögð í að koma nýja HBS-appinu í gagnid fyrri hluta árs 2018. Til stóð að appið færi í loftið að vori 2018 en vegna margvíslegra ófyrirsjáanlegra tæknivandamála dróst opnun appsins fram í lok júní 2018. Hópur fólks hafði verið í prufuhóp á meðan var verið að fínþússa appið, sem keypt er frá Hljóðbókasafni Danmerkur, Nota, og var skrifað fyrir önnur kerfi en Hljóðbókasafn Íslands notar. Talsverður kostnaður varð af þessu því tækniþjónustan er keypt út og tímarnir söfnuðust upp. En að lokum gekk allt upp og appið fór í loftið. Viðbrögð lánþega voru mjög góð, þótt einhverjir hnökror hafi komið upp, og lánþegar hafa í talsverðum mæli nýtt sér HBS-appið, en appið er í grunninn streymisþjónusta með möguleika á því að hala niður í appið. Einnig er það hannað hvort tveggja fyrir Android- og Apple-tæki og hafa margir lánþegar beðið þess með óþreyju að fá appið í hið síðarnefnda.



Skjalastjórnunar- og gæðakerfi

Hljóðbókasafn Íslands er opinber aðili og því afhendingarskyldur til Þjóðskjalasafns skv. lögum um opinber skjalasöfn 2014/77 og geymir því öll gögn fram að skilum til Þjóðskjalasafns í samræmi við settar reglur þar að lútandi. Hljóðbókasafnið hefur einu sinni skilað efni til Þjóðskjalasafns en það var á þrjátíu ára afmæli safnsins árið 2011. Skjalakerfi ha1fa ekki verið notuð á safninu frá upphafi og margvíslegt efni hefur safnast upp í tímans rás. Ráðist var í það að láta hanna rafrænt skjalakerfi fyrir Hljóðbókasafn Íslands og hófst verkið snemma árs 2018. Vinnan vatt upp á sig og í kjölfarið fylgdi gæðastjórnunarkerfi og ábendingakerfi sem tengt var við heimasíðu safnsins. Búinn var til málalykill sem var samþykktur af Þjóðskjalasafni Íslands og var öllu efni á pappír fyrir 1. júlí 2018 pakkað niður samkvæmt honum og reglum Þjóðskjalasafns um skil á efni. Sóst var eftir leyfi til að fá að skila pappírsefninu þar sem innan um voru gömul skjöl en það leyfi fékkst ekki vegna plássleysis á Þjóðskjalasafni. Öll starfsemi Hljóðbókasafns Íslands frá 1. júlí 2018 er svo skráð inn í rafræna skjalakerfið Svöluna sem var tekið í notkun síðla árs. Málakerfið heldur vel utan um alla málaflokka og kemur í veg fyrir að gögn týnist hér og þar og heldur utan um skilaskyldu. Innan kerfisins er Gæðahandbók safnsins þar sem safnað er saman öllum reglum, stefnum, verklýsingum og stöðlum sem safnið starfar eftir. Kostnaður við að láta setja upp mála- og gæðakerfi var um 5 milljónir með ráðgjöf og þjónustu Avanti.

Persónuverndarmál/GDPR

Í maí 2018 tóku gildi nýjar reglur um persónuvernd á Íslandi í samræmi við EES-staðla. Þetta þýddi að hverri og einni stofnun bar skylda til að hugsa markvisst um persónuverndarmál, hafa persónuverndarstefnu og persónuverndarfulltrúa. Hljóðbókasafnið leitaði til Dattaca Labs og fékk fyrirtækið til að taka út Hljóðbókasafn Íslands og skila skýrslu og vinnsluskrá. Persónuverndarmál Hljóðbókasafns Íslands eru því í farvegi. Heppilegt er fyrir safnið að það hafði fengið grisjunarheimild frá Þjóðskjalasafni árið 2016 sem felur í sér leyfi til að eyða öllum vottorðum sem berast inn með umsóknum. Vottorð lánþega geyma viðkvæmstu upplýsingarnar sem safnið fær til sín en þeim er eytt um leið og skráningu er lokið. Safnið réð Sigrúnu Jóhannsdóttur lögfræðing til að gegna hlutverki persónuverndarfulltrúa Hljóðbókasafns Íslands. Nokkur söfn tóku sig saman um þetta verkefni og því gegnir Sigrún starfi persónuverndarfulltrúa fyrir nokkur söfn innan opinbera geirans. Í lok ársins 2016 stóð eftir að gera áhættumat á stofnuninni en starfinu verður haldið áfram með aðstoð Sigrúnar Jóhannsdóttur sem leiðbeinir um framhaldið.

Persónuverndarstefna

Hljóðbókasafn Íslands setti fram fyrstu persónuverndarstefnu sína árið 2018 í kjölfar vinnu varðandi GDPR og nýrra persónuverndarlaga. Stefnuna má finna í gæðahandbók safnsins og jafnframt er hún birt á heimasíðu safnsins. Markmið persónuverndarstefnu er að vernda persónuupplýsingar einstaklinga og virða rétt þeirra. Í persónuverndarstefnu kemur fram í hvaða tilgangi persónuupplýsingum er safnað, hvernig farið er með þær upplýsingar og hversu lengi þær eru varðveittar. Allar upplýsingar um einstaklinga, hvort sem þær koma frá þeim sjálfum, opinberum aðilum eða yfirvöldum eru meðhöndlaðar samkvæmt lögum 2018/90 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Jafnréttisáætlun og jafnlaunamál

Árið 2018 var hafin vinna við að undirbúa jafnlaunastefnu fyrir safnið. Öll forvinna var unnin með ráðgjafarfyrtækinu Avanti ehf. Eftir nokkra yfirferð og skýrslugerðir var niðurstaðan sú að safnið er í góðum málum varðandi launamál og jafnrétti. Hins vegar var ákveðið að láta þar við sitja en sækjast ekki eftir jafnlaunavottun þar sem stofnunin er of lítil til að fara í það ferli. Skjölín eru þó til ef það skyldi breytast. Jafnframt var skrifuð jafnréttisáætlun í þessu ferli og er hún geymd í gæðahandbók safnsins og birt á heimasíðu þess www.hbs.is. Markmið jafnréttisáætlunar er að tryggja jafna stöðu kynjanna eins og getið er um í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Markmið stofnunarinnar er að allir starfsmenn njóti sömu virðingar og hafi jöfn tækifæri. Stofnunin mun leitast við að halda við og stuðla að kynjajafnvægi meðal starfsmanna hennar. Tilgangur jafnréttisáætlunar er að tryggja jafnrétti kynjanna, jafna stöðu og virðingu kvenna og karla innan stofnunarinnar og að stjórnendur og starfsfólk sé meðvitað um mikilvægi þess að allir fái notið sín óháð kyni.

Græn skref í ríkisrekstri



Hljóðbókasafn Íslands hóf þátttöku í verkefninu „Græn skref í ríkisrekstri“ árið 2017 en verkefnið snýst um að efla vistvænan rekstur ríkisins með kerfisbundnum hætti. Í grænum skrefum eru tilgreindar aðgerðir sem snerta sex umhverfisþætti og eru þær innleiddar í fimm áföngum. Hljóðbókasafnið lauk tveimur áföngum á árinu 2017, og tveimur til viðbótar árið 2018. Lokaskrefið verður svo tekið 2019. Sigrún Pétursdóttir, starfsmaður

safnsins, hefur veg og vanda af verkefninu, enda þarf að huga að mörgu og verkefnið krefst tíma og einbeitingar. Farið er yfir almenna orkunotkun, svo sem vegna tölva, véla og ljósa í rými, flokkun á úrgangi og nýtingu á pappír og síðar verður verkefnið aðeins flóknara, eins og að reikna út orkunotkun vegna ferðalaga, kolefnisjöfnun og fleira. Verkefnið hefur gengið afar vel enda hefur starfsfólk verið samhuga um verkefnið. Jafnframt var haft samband við viðskiptaaðila og þeir beðnir um að senda reikninga eingöngu rafrænt þar sem því verði viðkomið.





Fyrirmyndarstofnun 2018

Hljóðbókasafn Íslands fékk titilinn fyrirmyndarstofnun á árinu, eins og gerst hefur undanfarin ár. Hljóðbókasafnið er afar stolt af þessum árangri sem í raun segir mest um ánægju starfsmanna með aðbúnað og stjórnun. Á vef SFR segir um könnunina:

„Könnunin gefur mikilvægar upplýsingar um stöðu starfsmanna á vinnumarkaði. Tilgangur að baki valsins á Stofnun ársins og Stofnun ársins – Borg og bær er hvatning til stjórnenda að gera vel í starfsmannamálum og er það von okkar að könnunin nýtist þeim sem best. Þátttakendur eru spurðir út í níu þætti í starfsumhverfinu, þ.e. trúverðugleika stjórnenda, starfsanda, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleika í starfi, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar, ánægju og stolt og jafnrétti.“



Innlent samstarf

Blindrafélagið

Hljóðbókasafnið á í þrýðilegu samstarfi við Blindrafélagið. Forstöðumaður safnsins situr í úthlutunarnefnd úr sjóðnum STS, eða Stuðningur til sjálfstæðis, og hittir því forsvarsmenn félagsins reglulega. Safnið og Blindrafélagið eiga í samstarfi um Vefvarp Blindrafélagsins sem er tengt Hljóðbókasafninu og ýmislegt fleira sem kemur upp hverju sinni.

Menntavísindasvið HÍ

Hljóðbókasafn Íslands leggur sig í líma við að eiga gott samstarf við þá sem koma að málefnum blindra, sjónskertra, lesblindra og annarra sem ekki geta nýtt sér prentað mál. Sú regla er komin á að fulltrúi safnsins fer tvisvar á ári á Menntavísindasvið Háskóla Íslands og heldur fyrirlestur um starfsemi safnsins fyrir nýnema í kennarafræðum til að tryggja að sem flestir kennarar þekki safnið frá upphafi. Þóra Sigríður Ingólfsdóttir forstöðumaður hefur að mestu séð um þessar kynningar en Hafþór Ragnarsson hefur smám saman stigið inn í það verkefni og sér nú að mestu um þessar kynningar.

Hringsjá

Reglulega er kallað eftir því að Hljóðbókasafnið komi með kynningar inn í tíma hjá Hringsjá – náms og starfsendurhæfingu. Þar kemst safnið í samband við marga nemendur sem hafa fallið frá námi en eru að koma til baka. Þessi nemendur eiga margir hverjir við einhvers konar prentleturshömlun að stríða og eru þeir yfirleitt mjög áhugasamir um safnið.

Háskólinn í Reykjavík

Hljóðbókasafnið hefur átt í nokkrum samskiptum við Háskólann í Reykjavík vegna talgervils og talgreinisverkefna. Hljóðbókasafnið fór í samstarf við skólann og lagði til hljóðritun og vinnu við upptökur á ákveðnu efni sem mun nýtast við að gera nýjan talgervil. Safnið hefur óskað eftir því að fá aðstoð við að gera talgervil til að lesa námsbækur safnsins. Þessi nýi talgervill er búinn til með annarri tækni en sá sem fyrir er og hægt verður að kenna honum ýmislegt sem ekki hefur verið hægt að laga í eldri talgervlum. Verkefnið heldur áfram árið 2019 og eru bundnar vonir við að þetta verði frábær viðbót við framleiðslumöguleika safnsins.

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda

Hljóðbókasafn Íslands hefur leitað eftir auknu samstarfi við PPM þar sem báðar stofnanir þjóna sama hópi. Lítið hefur orðið úr slíkri samvinnu þar sem skort hefur á verkefnastjórnun eða samhæfingarvinnu. Hljóðbókasafnið bauð PPM í kaffi síðla árs 2018 og ræddi þessi mál við starfsmenn og nýjan forstöðumann PPM, Margréti Maríu Sigurðardóttur. Stofnanirnar munu hittast aftur í febrúar 2019 og halda áfram að bollaleggja um samstarf og hvernig megi bæta í sameiningu þjónustu við þann hóp sem þeim er ætlað að þjóna. Meðal þess sem stofnanirnar vilja ræða er hvort hægt sé að koma upp gagnagrunni fyrir allar bækur sem eru á rafrænu formi og komast hjá því að tvítaka þá vinnu að biðja um handrit frá útgefendum eða skera bækur í sundur og skanna. Jafnframt gæti verið gott að vinna í sameiningu fyrir nemendur sem stunda nám í menntaskólum og háskólum um hvað hentar hverjum og einum, hverju sinni.

Sérkennarar og námsráðgjafar

Sérkennarar og námsráðgjafar eru duglegir að setja sig í samband við Hljóðbókasafn Íslands í þágu skjólstæðinga sinna. Alfreð Halldórsson, sem sérhæfir sig í að framleiða námsbækur með texta, hefur talað við námsstjóra, sérkennara og námsráðgjafa hinna ýmsu skóla og vinnur að því að setja sig í æ betra samband við þennan hóp. Mikilvægt er fyrir nemendur framhaldsskóla að Hljóðbókasafnið viti snemma hvað standi til að kenna í framtíðinni þar sem það tekur tíma að framleiða bækur á aðgengilegu formi. Því flóknari sem bókin er, því meiri vinna er að búa hana til sem texta- og talbók fyrir prentleturshamlaða.

Norrænt samstarf

Norrænt samstarf gengur mjög vel og er afar gott fyrir Hljóðbókasafn Íslands að eiga samskipti við aðra í sömu sporum. Forstöðumenn Norðurlandanna hittast tvisvar á ári á samráðsfundum sem skila margvíslegum ávinningi. Ísland tekur þátt í flestum samnorrænum verkefnum, nema þeim sem snúa ekki beint að starfsemi lengur, eins og verkefnum um Braille punktaletur. Talsverðar breytingar eru að verða í hópi forstöðumanna og starfsemi safnanna í Danmörku og Svíþjóð. Ríkisstjórn Danmerkur ákvað að NOTA, Hljóðbókasafn Danmerkur, skyldi flutt í lítinn bæ á Lalandi, um 250 kílómetra frá Kaupmannahöfn. Þetta á að gerast á stuttum tíma og því hefur starfsfólk sagt upp störfum í stórum stíl. Þessi

flutningur var ekki hugsaður niður í rót af stjórnvöldum og varð niðurstaðan sú að hluti NOTA flytur út á land, en Hljóðver og tækniþjónusta heldur áfram að vera í Kaupmannahöfn. MTM í Svíþjóð var gert að flytja til Malmö fyrir áramótin 2019/2020 og er ætlast til að starfsemin hefjist þar að nýju 1. janúar 2020. Þetta þýðir að nýr forstöðumaður hjá MTM, Magnus Larsson, mun láta af störfum eftir stutt stopp og nýr mun taka við. Þessar breytingar hafa valdið miklu raski á starfsemi safnanna.

Helstu samstarfsverkefni norrænu safnanna eru þessi:

Nordic IT Forum

Samstarfshópurinn er samsettur af tæknimönnum safnanna og fjallar um nýjungar í tækni og þróun innan safnanna. Einar Hrafnsson situr í hópnum fyrir hönd Hljóðbókasafns Íslands. Þessi hópur hittist þrisvar á ári og er nóg að gera að skoða og ræða tækninýjungar sem sífellt skjóta upp kollinum og ekki síður lausnir á vandamálum sem koma upp hjá söfnunum á Norðurlöndunum sem öll eru hátæknileg.

User Service Group

Þessi hópur stendur saman af starfsmönnum sem vinna við þjónustu og afgreiðslu lánþega á söfnum Norðurlandanna. Hópurinn ræðir ýmis mál sem snúa að þjónustu og breytingum á umhverfi og veruleika starfsmanna og lánþega í tækniheimi. Hópurinn reynir að tengja sig inn í starfsemi tæknihópsins og vill fá að hafa eitthvað um framtíðaráætlanir að segja. Sigrún Pétursdóttir sækir fundi fyrir Íslands hönd.

Children's Service Group

Þessi hópur fjallar um útgáfu á barnabókum og kynningu þeirra innan safnanna og fjallar meðal annars um gerð „tactile“ eða þreifibóka. Ísland tekur ekki þátt í þessu hópastarfi.

Nordic Intelligence Group

Þetta er nýstofnaður hópur sem fjallar um sameiginlega staðla, lagaleg mál, félagsrannsóknir og áhrif Marrakesh sáttmálans-svo eitthvað sé nefnt. Til stendur að hópurinn hittist reglulega frá og með árinu 2019

Sameiginleg innkaup á bókum á ensku frá RNIB

Í nokkur ár hafa söfn Norðurlandanna keypt sameiginlega hljóðbækur á ensku frá RNIB í Bretlandi, keyptar hafa verið um 3.500 bækur en þessum samningi hefur verið lokað þar sem Evrópureglugerð og Marrakesh-samningurinn gera hann óþarfan

Millisafnalán á Norðurlöndum

Norðurlöndin lána bækur sín á milli samkvæmt sérstökum samningi og telja forstöðumenn að þessi samningur verði óþarfur þegar Evróputilskipun 2017/1564 tekur gildi sem var í sumum löndum árið 2018 en hins vegar eru margvíslegar flækjur sem ekki hefur verið leyst úr hvað varðar framkvæmdarhlíðina. Ísland stefnir á að breyta höfundalögum og samþykkja Marrakesh-samninginn árið 2019 eins og rætt hefur verið milli EES- og EFTA-landa.



Þakklátir lánþegar

Lánþegar Hljóðbókasafns Íslands eru afar þakklátur hópur. Starfsmenn safnsins fara ekki varhluta af því allan ársins hring, en þó sér í lagi í jólamánuðinum þegar bókstaflega hrúgast inn konfekt, kökur og aðrar gjafir til starfsfólksins. Starfsmenn eru svo heppnir að taka á móti miklu hrósi símleiðis, frá þakklátum lánþegum, foreldrum og aðstandendum. Það er mjög gefandi að vera á vinnustað sem gefur svo mikið til baka. Hér eru nokkur dæmi úr tölvupóstum og af samfélagsmiðlum:

„Ég var búin að fá áður þrjár hljóðbækur fyrir föður minn og er þetta alger snilld fyrir hann. Hann hefur alla tíð lesið mikið en vegna parkinson getur hann ekki lengur lesið og það ótrúlega er að hann stoppar við að hlusta á hljóðbækurnar. Takk kærlega fyrir þessa frábæru þjónustu ... Og takk fyrir frábært og mikilvægt safn.“ (Úr tölvupósti)

„Kærar þakkir. Ég veit að mínir skjólst. (og foreldrar þeirra) eru mjög þakklátir fyrir ykkar þjónustu (sem er frábær).“ (Úr tölvupósti)

„Frábært takk kærlega fyrir það. Hún mamma er alveg í skýjunum yfir þjónustunni frá ykkur :) Þetta bókasafn er frábært.“ (Úr tölvupósti)

„Enn og aftur kærar þakkir fyrir þessa afbragðs þjónustu sem hefur haft ómetanlegt gildi fyrir móður okkar í erfiðum aðstæðum. Bestu kveðjur um gleðileg jól!“ (Úr tölvupósti)

„Kærar þakkir. Hef verið lánþegi hjá ykkur yfir tuttugu ár. Þið breyttuð lífi mínu. Alltaf frábær þjónusta hjá ykkur :)“

„Þetta safn er svo frábært og gott starfsfólk sem er þarna alveg frábær þjónusta og það svo gaman að hlusta á bækur alla nóttina líka, þið starfsfólk sem er frábært.“ (Af FB)

Stórkostlegt afrek sem margir fá að njóta ég er innilega þakklát fyrir starfsfólk og lesara. (Af FB)

Lykiltölur 2018

Framleiðsla á Hljóðbókasafni 299

Efni eftir íslenska höfunda 169 , þar af barna- og unglingabækur 37

Þýddar bækur 130, þar af barna- og unglingabækur 35

Námsbækur

Keypt á markaði 3

Frá MTM, Svíþjóð, þar af námsbækur

Frá Celia, Finnlandi

Frá NLB, Noregi, þar af námsbækur


Frá RNIB, Englandi

Samtals bækur:

þar af námsbækur

þar af barna- og unglingabækur 72


Tegund útlána 2016-2018




Streymi tekur í sívaxandi mæli yfir önnur útlánaform, eða útlán á geisladiskum og með niðurrhali. Ástæða þessa er æ betra aðgengi í gegnum streymi, nú síðast í gegnum nýtt HBS-app sem sett var á stofn 2018 og hefur notið vinsælda hjá lánþegum. Þó ber að taka tölum um streymi árið 2018 með fyrirvara því appið var mikið í prófunum og er líklegt að streymistölur séu ívið hærri en raunhlustun. Þó er ljóst að streymið mun halda áfram að vaxa og er það mjög ánægjulegt og hagkvæmt hvað varðar kostnað og höfundaréttarvarnir.

Lánþegar


Skráðir lánþegar voru í lok árs 2018 samtals 25.213 en virkir lánþegar voru 12.441 og skiptast þannig út frá þjónustuástæðu:



Nýir lánþegar voru 2.036 og skiptast þannig út frá þjónustuástæðu:



Aldur virkra lánþega skiptist þannig:



Almennar upplýsingar

Hljóðbókasafn Íslands

Digranesvegi 5

200 Kópavogi

Sími: 5454900

Sími: 5454900 Fax: 5454906

Heimasíða: <http://www.hljodbokasafn.is>

Facebook síða: <https://www.facebook.com/HljodbokasafnIslands?fref=ts>

Starfsfólk:

Forstöðumaður: Þóra Sigríður Ingólfssdóttir – thora@hbs.is

Útlánadeild:

Hulda Pétursdóttir, deildarstjóri – hulda@hbs.is

Eyrún Eiríksdóttir, bókaþjófur – eyrun@hbs.is

Sigrún Pétursdóttir, bókaþjófur – sigrun@hbs.is

Tæknideild:

Einar Hrafnsson, deildarstjóri – einar@hbs.is

Hafþór Ragnarsson, hljóðver – hafthor@hbs.is

Alfreð Halldórsson – hljóðbækur með texta (full-text) – alfred@hbs.is

Samráðshópur Hljóðbókasafns Íslands skv. lögum nr. 150/2012:

Kristinn Halldór Einarsson, formaður – Blindrafélagið

Sigrún Huld Auðunsdóttir varaformaður – Félag íslenskra sérkennara

Halldór Sævar Guðbergsson, nefndarmaður – Þjónustu- og þekkingarmiðstöð

Andrea Dan Árnadóttir – Upplýsing

Snævar Ívarsson, nefndarmaður – Félag lesblindra á Íslandi

Arnheiður Björnsdóttir, varamaður – Félag íslenskra sérkennara

Ásdís Þórðardóttir, varamaður

Helgi Sigurbjörnsson, varamaður

Jónína Rós Guðmundsdóttir, varamaður

Lesarar 2018

Arndís Björk Ásgeirsdóttir	Hörður Torfason	Ragnar Ísleifur Bragason
Arndís Þórarinsdóttir	Ingibjörg Ferdinandsdóttir	Sara Friðgeirsdóttir
Auður Ava Ólafsdóttir	Ingibjörg Hjartardóttir	Sigríður Láretta Jónsdóttir
Ásdís Thoroddsen	Ingunn Ásdísardóttir	Sigurður H. Pálsson
Björn Friðrik Brynjólfsson	Jakob S. Jónsson	Sigurður Skúlason
Bryndís Schram	Jón Baldvin Hannibalsson	Sigursteinn Másson
Einar Kárason	Jón Björnsson	Silja Aðalsteinsdóttir
Einar Örn Stefánsson	Jón Benedikt Guðlaugsson	Sólveig Hauksdóttir
Elín Gunnarsdóttir	Jón Stefán Kristjánsson	Stefán Jónsson
Friðrik Gígja	Júlía Margrét Einarsdóttir	Sunna Björk Þórarinsdóttir
Gerður Kristný Guðjónsdóttir	Kamilla Einarsdóttir	Súsanna M. Gestsdóttir
Gríma Kristjánsdóttir	Karl Emil Gunnarsson	Svavar Jónatansson
Guðbjörg Ása Huldudóttir	Kristján Franklín	Vala Þórsdóttir
Guðjón Svansson	Kristín Karlsdóttir	Valur Gunnarsson
Guðmundur Brynjólfsson	Leifur Reynisson	Yrsa Þöll Gylfadóttir
Guðrún Eva Mínervudóttir	Linda Hrönn Helgadóttir	Þorleifur Hauksson
Hafþór Ragnarsson	Magnús Þór Hafsteinsson	Þorvaldur S. Helgason
Halla Kjartansdóttir	Margrét Kaaber	Þóra Sigríður Ingólfssdóttir
Hannes Óli Ágústsson	María Lovísa Guðjónsdóttir	Þórey Sigþórsdóttir
Hanna María Karlsdóttir	Mikael Torfason	Þórunn Hjartardóttir
Helga Elínborg Jónsdóttir	Oddný Eir Ævarsdóttir	
Hildur María Friðriksdóttir	Olga Guðrún Árnadóttir	
Hjálmar Hjálmarsson	Ólína Þorvarðardóttir	
Hjörtur Pálsson	Ólöf Rún Skúladóttir	

Framleiddar bækur á Hljóðbókasafni Íslands 2018

Skráð	Titill	Höfundur	Lengd bókar
19.12.2018	Orrí óstöðvandi	Bjarni Fritzson	03:08
18.12.2018	Kóngríkið mitt fallna	Heinrich, Finn-Ole	03:47
14.12.2018	Snati litli í ræningjahöndum	Webb, Holly	01:28
14.12.2018	Drengurinn sem vildi verða maður	Riel, Jörn	01:24
14.12.2018	Rassfar í steini	Jón Björnsson (f. 1947)	11:15
14.12.2018	Hornauga	Ásdís Halla Bragadóttir	10:20
14.12.2018	Skúli fógeti	Þórunn Jarla Valdimarsdóttir	09:18
14.12.2018	Aron : Sagan mín	Aron Einar Gunnarsson	10:59
13.12.2018	Sölvasaga Daníelssonar	Arnar Már Arngrímsson	05:39
13.12.2018	Kaupthiking	Þórður Snær Júlíusson	08:42
12.12.2018	Milli svefnis og vöku	Anna Margrét Björnsson	00:36
10.12.2018	Ástarmeistarinn	Oddný Eir Ævarsdóttir	07:20
10.12.2018	Meira af Rummungi ræningja	Preussler, Otfried	02:08
10.12.2018	Sálumessa	Gerður Kristný	00:15
7.12.2018	Henny Hermanns - Vertu stillt!	Margrét Blöndal	08:32
7.12.2018	Undir hrauni	Finnbogi Hermannsson	03:44
6.12.2018	Lang-elstur í leynifélaginu	Bergrún Íris Sævarsdóttir	01:30
6.12.2018	Henri rænt í Rússlandi	Þorgrímur Þráinsson	04:30
5.12.2018	Drottningin	Kristín Ragna Gunnarsdóttir	04:45
3.12.2018	Horfið ekki í ljósið	Þórdís Gísladóttir	04:27
30.11.2018	Hið heilaga orð	Sigríður Hagalín Björnsdóttir	09:00
29.11.2018	Fíasól gefst aldrei upp	Kristín	03:02
29.11.2018	Sænsk gúmmístígvél	Mankell, Henning	13:50
28.11.2018	Sæmi rokk	Ingólfur Margeirsson	11:18
28.11.2018	Geðveikt með köflum	Sigursteinn Másson	05:36
28.11.2018	Krossfiskar	Jónas Reynir Gunnarsson	02:52
28.11.2018	Jól í litla bakaríinu við Strandgötu	Colgan, Jenny	09:54
28.11.2018	Hundakæti: Dagbækur Ólafs		
	Davíðssonar 1881-1884	Ólafur Davíðsson	06:53
28.11.2018	Krýsuvík	Stefán Máni	17:29

27.11.2018	Lifandilíflækur	Bergsveinn Birgisson	08:46
23.11.2018	Siggi sítróna	Gunnar Helgason	04:20
23.11.2018	Dagbók Kidda klaufa: Leynikofinn	Kinney, Jeff	02:20
23.11.2018	Fjallið í Kaupmannahöfn	Nielsen, Kaspar Colling	05:56
22.11.2018	Brúðan	Yrsa Sigurðardóttir	12:04
21.11.2018	Feigðarflan til Íslands	Kimselius, Kim M.	07:51
20.11.2018	Ærumissir	Davíð Logi Sigurðsson	07:00
19.11.2018	Litlu álfarnir og flóðið mikla	Jansson, Tove	00:59
16.11.2018	Porpið	Ragnar Jónasson	07:35
15.11.2018	Hasim : Götustrákur í Kalkútta	Þóra Kristín Ásgeirsdóttir	05:35
15.11.2018	Hvert andartak enn á lífi	Malmquist, Tom	09:00
14.11.2018	Bókatíðindi 2018		07:09
14.11.2018	Drekaaugun	Kristín Ragna Gunnarsdóttir	06:38
14.11.2018	Stormsker	Birkir Blær Ingólfsson 1989	07:45
14.11.2018	Heiður	Sólveig Jónsdóttir	08:12
13.11.2018	Vítisvélur : borgir í veiðihug	Reeve, Philip, 1966-	08:52
12.11.2018	Magnus Hirschfeld : frumkvöðull í mannréttindabaráttu hinsegin fólks	Dose, Ralf	03:54
9.11.2018	Sextíu kíló af sólskini	Hallgrímur Helgason	14:30
7.11.2018	Stúlkan hjá brúnni	Arnaldur Indriðason	09:18
6.11.2018	Níðstöngin	Larsson, Ása	02:18
5.11.2018	Galdra-Manga : dóttir þess brennda	Koivukari, Tapio	07:54
5.11.2018	Fléttubönd	Stefán Sturla Sigurjónsson	05:36
5.11.2018	Bylting	Hörður Torfason	08:18
5.11.2018	Jólasveinarannsóknin	Benný Sif Ísleifsdóttir	03:05
5.11.2018	Hefnd grasflatarinnar : sögur 1962-1970	Brautigan, Richard	04:20
2.11.2018	Hin hliðin : hinsegin leiftur- og örsögur	Guðjón Ragnar Jónasson	01:17
1.11.2018	Miðnæturhengið	Walliams, David	06:10
31.10.2018	Samfeðra	Steinunn G. Helgadóttir	07:04
31.10.2018	Eftirbátur	Rúnar Helgi Vignisson	04:32
31.10.2018	Kver um kerskni og heimsósóma	Helgi Ingólfsson	02:12
31.10.2018	Erfðaskráin	Guðrún Guðlaugsdóttir	06:58

29.10.2018	Pitt eigið ævintýri	Ævar Þór Benediktsson	08:09
29.10.2018	Bókin um gleðina : varanleg hamingja í breytilegum heimi	Abrams, Douglas	11:40
29.10.2018	Sorgarmarsinn	Gyrðir Elíasson	03:16
29.10.2018	Listamannalaun	Ólafur Gunnarsson	05:22
29.10.2018	Grænlandsför Gottu	Halldór Svavarsson	03:17
29.10.2018	Silfurlykillinn	Sigrún Eldjárn	03:41
26.10.2018	Skiptidagar : nesti handa nýrri kynslóð	Guðrún Nordal	05:31
25.10.2018	Ævintýrið um litla Dag	Eicke, Wolfram, 1955-	00:15
25.10.2018	Nærbuxnaverksmiðjan	Arndís Þórarinsdóttir	01:20
23.10.2018	Einhver Ekkineinsdóttir	Kaldmaa, Kätlin	01:53
23.10.2018	Veiðar á villtum fuglum og spendýrum	Einar Guðmann	14:18
22.10.2018	Kambsmálið : engu gleymt, ekkert fyrirgefið	Jón Hjartarson (f. 1944)	02:36
19.10.2018	Svik	Lilja Sigurðardóttir	10:10
19.10.2018	Dansað í Ódessa	Kaminsky, Ilya	01:01
18.10.2018	Syndaflóð	Ohlsson, Kristina	12:21
18.10.2018	Soralegi Havanapríleikurinn	Gutiérrez, Pedro Juan	11:03
18.10.2018	Saga tveggja borga	Dickens, Charles	14:32
17.10.2018	Amma : Draumar í lit	Hólfríður Helga Sigurðard.	03:10
17.10.2018	Hin illa arfleifð	Enger, Thomas	09:46
16.10.2018	Drottningin á Júpíter	Júlía Margrét Einarsdóttir	05:36
15.10.2018	Undraherbergið	Sandrel, Julien	05:56
12.10.2018	Þrír dagar og eitt líf	Lemaitre, Pierre	06:09
12.10.2018	Búkolla	Ævar Þór Benediktsson	00:43
11.10.2018	Gleðilega fæðingu : vellíðan, valkostir og verkjastilling í fæðingu	Þorbjörg Marinósdóttir	04:31
9.10.2018	Þar sem áin streymir	Maclean, Norman, 1902-1990	05:24
9.10.2018	Afbrot og íslenskt samfélag	Helgi Gunnlaugsson	13:56
8.10.2018	Gleðin að neðan	Brochmann, Nina, 1954-	10:19
5.10.2018	L.e.y.n.d.	Adeline, L. Marie, (duln.)	08:17
5.10.2018	Völundarhús valdsins	Guðni Th. Jóhannesson	13:37
5.10.2018	Reading development and difficulties	Cain, Kate	13:55

4.10.2018	Fórnarmýrin	Jansson, Susanne, 1972-	07:44
3.10.2018	Grillaðir banana	Ingibjörg Möller	04:18
1.10.2018	Njóttu ferðalagsins : ráð til pabbans (mömmur mega lesa)	Guðjón Svansson	01:36
27.9.2018	Rauða minnisbókin	Lundberg, Sofia	11:27
27.9.2018	Nú brosir nóttin	Theodór Gunnlaugsson	11:56
26.9.2018	Lúther : ævi - áhrif – arfleifð	Karl Sigurbjörnsson	02:51
26.9.2018	Það sem að baki býr	Helle, Merete Pryds, 1965-	16:10
25.9.2018	Börn Loka	Ævar Þór Benediktsson	00:35
25.9.2018	Þetta var bróðir minn	Perrignon, Judith, 1967-	02:49
25.9.2018	Sá útvaldi	Sandemo, Margit	04:54
25.9.2018	Jónsmessunóttin	Sandemo, Margit	05:39
25.9.2018	Maðurinn úr þokudalnum	Sandemo, Margit	06:24
24.9.2018	Stúlkan sem ekki gat neitað	Sandemo, Margit	06:08
24.9.2018	Hözzlaðu eins og þú verslar	Jansson, Lin	08:08
21.9.2018	Vargöld á vígaslóð	Magnús Þór Hafsteinsson	12:58
21.9.2018	Verstu börn í heimi 2	Walliams, David	02:53
21.9.2018	Múmíuráðgátan	Widmark, Martin	00:47
20.9.2018	Þetta er Alla	Fosse, Jon	02:12
20.9.2018	Norwegian Wood	Murakami, Haruki	13:23
20.9.2018	Stormfuglar	Einar Kárason	02:47
19.9.2018	Fjörður hinna dauðu	Helms, Hans Jakob	08:53
19.9.2018	Stríðið gegn Sýrlandi	Anderson, Tim	07:46
18.9.2018	Eitraða barnið	Guðmundur S. Brynjólfsson	05:46
18.9.2018	Hinir smánuðu og svívirtu	Dostojevskij, Fjodor M.	18:43
18.9.2018	Uppgjör	Child, Lee	12:24
18.9.2018	Minn Káinn	Böðvar Guðmundsson	01:37
17.9.2018	Hulda Vala dýravinur : Töfrahálsmenið	Kimpton, Diana	01:07
17.9.2018	Vísnaþók Káins	Kristján Níels Jónsson	04:35
14.9.2018	Í helgum steini	Karl Sigurbjörnsson	16:54
14.9.2018	Kona bláa skáldsins	Theils, Lone	09:45
13.9.2018	Bætt melting - betra líf	Mosley, Michael	06:31
13.9.2018	Veiðitækni	Lárus Þór Pálmason 1952	05:00

11.9.2018	Móri og Ísfólkið	Sandemo, Margit	07:10
11.9.2018	Óliver Máni og töfradrykkurinn	Mongredien, Sue	00:42
7.9.2018	Snorra-Edda á nútímaíslensku	Snorri Sturluson	03:30
7.9.2018	Leviatan : morðingi um borð	Akúnín, Borís	10:33
7.9.2018	Tinna trítlimús : Vargur í Votadal	Aðalsteinn Stefánsson	00:49
6.9.2018	Glerstofan	Cleeves, Ann	09:53
6.9.2018	Elst milli hendinga	Þóra Jónsdóttir frá Laxamýri	00:19
6.9.2018	Þín eigin Þjóðsaga	Ævar Þór Benediktsson	07:05
6.9.2018	Pétur og Halla við hliðina : útilegan	Ingibjörg Valsdóttir	00:37
5.9.2018	Hversdagsgæfa	Þóra Jónsdóttir frá Laxamýri	01:05
4.9.2018	Andvökur	Stephan G. Stephansson	11:42
4.9.2018	Villinorn : eldraun	Kaaberbøl, Lene	04:21
31.8.2018	Kvöldsyfja	Fosse, Jon	01:34
31.8.2018	Brennuöldin : galdur og galdratrú í málskjölum og munnmælum	Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir	26:45
30.8.2018	Draumar Ólafs	Fosse, Jon	01:57
30.8.2018	Gifspötur	Madsen, Heidi Parsberg	02:26
29.8.2018	Andvaka	Fosse, Jon	01:37
29.8.2018	Allt sundrast	Achebe, Chinua, 1930-2013	06:52
23.8.2018	Besti vinur minn er ósýnilegur	Stine, R. L.	02:10
22.8.2018	Forystu-Flekkur og fleiri sögur	Einar E. Sæm. 1885-1953	03:32
22.8.2018	Hársnyrting		22:06
21.8.2018	Ofurhetjuviddin	Ævar Þór Benediktsson	03:42
20.8.2018	Sólubækurnar. Fjórar barnabækur	Jóna Valborg Árnadóttir	00:30
20.8.2018	Þriðji engillinn	Hoffman, Alice, 1952-	09:54
20.8.2018	Lífsnautnin frjóa	Ragde, Anne Birkefeldt, 1957-	10:44
15.8.2018	Kona frá öðru landi	Dovlatov, Sergej, 1941-1990	04:50
14.8.2018	Sagan eins og hún blasir við út um glugga Síberíuhraðlestarinnar	Bryndís Schram	01:33
10.8.2018	Okkar á milli	Rooney, Sally, 1991-	08:32
3.8.2018	Í nafni sannleikans	Sten, Viveca	11:20
1.8.2018	Óhuggandi	Ishiguro, Kazuo	23:15
1.8.2018	Votlendi	Roche, Charlotte	07:15

1.8.2018	Köld slóð	Schepp, Emelie, 1979-	10:36
29.6.2018	Katrín mikla	Jón Þ. Þór	09:42
29.6.2018	Inngangur að kennslufræði		
	fyrir iðnmeistara	Davíð Schiöth Óskarsson	01:56
29.6.2018	Áttunda dauðasyndin	Edgren Aldén, Rebecka	09:17
28.6.2018	Fyrir fallið	Hawley, Noah	15:09
28.6.2018	Sumar í litla bakarínu við Strandgötu	Colgan, Jenny	11:39
27.6.2018	Ráðuneyti æðstu hamingju	Roy, Arundhati	18:02
27.6.2018	Rekstrarhagfræði fyrir framhaldsskóla	Helgi Gunnarsson	07:22
26.6.2018	Marrið í stiganum	Eva Björg Ægisdóttir	11:46
26.6.2018	Í kjölfar jarla og konunga : ferð um		
	fornsagnaslóðir Orkneyja og Hjaltlands	Þorgrímur Gestsson	13:31
25.6.2018	Ævintýramaðurinn Mikael Karvajalka	Waltari, Mika	18:04
21.6.2018	Leyndarmál Kela	Ingibjörg K. Ferdinandsdóttir	01:00
20.6.2018	Yoga nidra – Svefnyoga	Þóra Sigríður Ingólfssdóttir	00:32
20.6.2018	Ísland á HM	Gunnar Helgason	02:06
19.6.2018	Um lífsspeki Abba & Tolteka	Adolf Smári Unnarsson	04:22
19.6.2018	Keli minn sem hvarf	Ingibjörg K.Ferdinandsdóttir	00:50
19.6.2018	Alein úti í snjónum	Webb, Holly	01:14
18.6.2018	Módel í dulargervi :		
	glæpur í tískuheiminum	Axelsson, Carina	08:56
18.6.2018	Blóðengill	Óskar Guðmundsson	10:05
14.6.2018	Hrakinn	Saalbach, Astrid	08:49
14.6.2018	Meistari Tumi	Fríða Bonnie Andersen	03:08
13.6.2018	Sælir eru einfaldir	Gunnar Gunnarsson (f. 1889)	10:18
13.6.2018	50 uppskriftir að góðri þjónustu	Margrét Reynisdóttir	03:55
11.6.2018	Sólskinsstúlkan	Forsberg, Bodil	06:40
8.6.2018	Nota bene : Latína á Íslandi	Jón R. Hjálmarsson	01:26
6.6.2018	36 pólsk ljóð	Lipska, Ewa	00:41
6.6.2018	261 dagar	Kristborg Bóel Steindórsdóttir	09:20
5.6.2018	Hvísl hrafnanna	Sølvsten, Malene	26:13
5.6.2018	Týndu stúlkurnar	Marsons, Angela	11:58
1.6.2018	Við djúpið blátt : Ísafjarðardjúp	Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir	13:12

1.6.2018	Lífsspeki kúa	Young, Rosamund	04:35
31.5.2018	Blátt blóð	Oddný Eir Ævarsdóttir	01:25
30.5.2018	Átta fjöll	Cognetti, Paolo	07:20
30.5.2018	Mojfríður einkaspæjari	Marta Eiríksdóttir	06:36
29.5.2018	Þú og ég og allt hitt	Isaac, Catherine	11:10
28.5.2018	Smásögur heimsins :		
	Rómanska Ameríka	Kristín Guðrún Jónsdóttir	10:34
28.5.2018	Fatasaumur : saumtækni í máli og myndum		
	fyrir byrjendur og lengra komna	Ásdís Jóelsdóttir	07:30
18.5.2018	Ég er að spá í að slúttu þessu	Reid, Iain	06:01
17.5.2018	Fuglaskoðarinn	Stefán Sturla Sigurjónsson	05:10
16.5.2018	Undirferli	Oddný Eir Ævarsdóttir	04:09
16.5.2018	Veiðisögur	Bubbi Morthens	03:40
16.5.2018	Hafmeyjarif	Banks, Rosie	01:12
15.5.2018	Óþægileg ást	Ferrante, Elena	05:43
14.5.2018	Fléttan	Columbani, Laetitia	05:17
8.5.2018	Mið-Austurlönd	Magnús Þorkell Bernharðsson	09:55
8.5.2018	Inga : opinská lífsreynslusaga		
	ungrar stúlku	Birgitta H. Halldórsdóttir	05:06
4.5.2018	Gamanvísna bókin	Ragnar Ingi Aðalsteinsson	02:15
2.5.2018	Konan í glugganum	Finn, A. J.	13:20
27.4.2018	Stuðningsnet sjúklingafélaga	Gyða Eyjólfsdóttir	01:45
24.4.2018	Dagar höfnunar	Ferrante, Elena	08:02
23.4.2018	Lífsreglurnar fjórar: viskubók Tolteka: gagnlegur		
	leiðarvísir að persónulegu frelsi	Ruiz, Miguel	02:58
20.4.2018	Fuglar	Hjörleifur Hjartarson	03:04
17.4.2018	Um harðstjórn : tuttugu lærdómar		
	sem draga má af tuttugustu öldinni	Snyder, Timothy	02:11
9.4.2018	Álagadalurinn	Heiður Baldursdóttir	04:15
6.4.2018	Hanna María öskureið	Magnea frá Kleifum	02:33
3.4.2018	Allt í himnalagi hjá Eleanor Oliphant	Honeyman, Gail	11:37
28.3.2018	Pnín	Nabokov, Vladimir	07:40
27.3.2018	Vegurinn heim lengist á		

	hverjum morgni	Backman, Fredrik	01:21
22.3.2018	Eldheit ástarbréf	Friðrika Benónýs	03:09
21.3.2018	Örninn og fálkinn	Valur Gunnarsson	13:08
20.3.2018	Engillinn í eyjunni	Henriksen, Levi, 1964-	06:12
20.3.2018	Orlandó	Woolf, Virginia	10:24
19.3.2018	Hrímfaxi : örlagadagur í íslenskri flugsögu	Bergsteinn Sigurðsson	02:40
19.3.2018	Sagnaþættir Guðfinnu	Guðfinna S. Ragnarsdóttir	12:02
16.3.2018	Fyrir allra augum	Sverrir Norland	03:41
16.3.2018	Claessen : saga fjármálamanns	Guðmundur Magnússon	11:56
14.3.2018	Leifur heppni og Vínland hið góða	Jón Daníelsson	01:30
14.3.2018	Villikettirnir og vegferð VG	Jón Torfason	10:21
14.3.2018	Yfir farinn veg með Bobby Fischer	Garðar Sverrisson	06:32
14.3.2018	Konan sem át fíl og grenntist (samt)	Margrét Guðmundsdóttir	01:40
14.3.2018	Myrkrið bíður	Marsons, Angela	11:16
13.3.2018	Ég lifði í þögninni : lífssaga Maríu Þ. Hreiðarsdóttur	María Þ. Hreiðarsdóttir	02:55
13.3.2018	Uppruni	Brown, Dan	16:37
9.3.2018	Allt þetta fólk : Þormóðsslysið 18.febrúar 1943	Jakob Ágúst Hjálmarsson	04:35
9.3.2018	Skýjaeyjan	Banks, Rosie	01:10
9.3.2018	Sálir vindsins	Kallentoft, Mons	07:41
8.3.2018	Árstíðirnar	Þórarinn Eldjárn	00:13
7.3.2018	Loginn hvíti	Kristmann Guðmundsson	08:58
7.3.2018	Hundurinn minn og ég	Swanstein, Charlotte	01:33
7.3.2018	Þú annað líf hefst þegar þú uppgötvar að þú átt bara eitt	Giordano, Raphaëlle	05:28
7.3.2018	Póri skoðar heiminn	Jónas Sveinsson	05:18
5.3.2018	Bétveir – Bétveir	Sigrún Eldjárn	00:20
5.3.2018	One of us is lying	McManus, Karen M.	08:45
5.3.2018	Að velja Vask	Rosen, Michael	00:17
5.3.2018	Draumahús Önnu	Montgomery, L.M.	09:46
5.3.2018	Linda og lundinn	Colgan, Jenny	00:28

2.3.2018	Smásögur að handan	Ingibjörg Elsa Björnsdóttir	03:00
1.3.2018	Endalokin 2: Gjörningaveður	Birgitta Elín Hassel	04:27
28.2.2018	Saga Natans Ketilssonar og Skáld-Rósu	Brynjúlfur Jónsson	05:53
28.2.2018	Handan hliðsins	Sandemo, Margit	06:22
28.2.2018	Verndum þau	Ólöf Ásta Farestveit	06:17
27.2.2018	Óvelkomni maðurinn	Jónína Leósdóttir	09:17
27.2.2018	Skáld skrifa þér	Elínborg Ragnarsdóttir	07:57
23.2.2018	Hinir ósnertanlegu	Karl Th. Birgisson	02:29
23.2.2018	Flórída	Bergþóra Snæbjörnsdóttir	00:45
23.2.2018	Ertu vakandi herra Víkingur? :		
	Lífssaga Þorleifs Víkings	Stefanía Guðbjörg Gísladóttir	10:04
21.2.2018	Dagbók Kidda klaufa :		
	Furðulegt ferðalag	Kinney, Jeff	01:50
20.2.2018	Syndafallið	Mikael Torfason	06:30
16.2.2018	Kæra nafna	Rósa Ólöf Ólafudóttir	05:06
16.2.2018	Drekkingarhylur	Hawkins, Paula	11:54
16.2.2018	Hnotskurn	McEwan, Ian	05:41
16.2.2018	Brotamynd	Ármann Jakobsson	06:51
15.2.2018	Náttbirta	Cleeves, Ann	10:28
15.2.2018	Einu sinni var í austri : uppvaxtarsaga	Guo, Xiaolu, 1973-	11:51
14.2.2018	Dóra Bruder	Modiano, Patrick	03:37
14.2.2018	Tíu dagar sem skóku heiminn	Reed, John	11:36
13.2.2018	Indjáninn snýr aftur	Banks, Lynne Reid	04:33
12.2.2018	Stofuhiti	Bergur Ebbe Benedikts. 1981	05:25
12.2.2018	Í heimi hvikuls ljóss	Ishiguro, Kazuo	07:56
12.2.2018	Þyrluránið	Bonnier, Jonas	10:50
9.2.2018	Kvöldsögur fyrir uppreisnargjarnar		
	stelpur	Favilli, Elena	03:55
9.2.2018	Norrænar goðsagnir	Gaiman, Neil	07:02
8.2.2018	Mitt litla leiksvið	Sveinn Einarsson	06:03
8.2.2018	Ferðalag í flughálku	Sólveig Ásgrímsdóttir	02:57
7.2.2018	Þá er ástæða til að hlæja : Æviminningar		
	Halldórs Haraldssonar píanóleikara	Jónas Sen	13:09

6.2.2018	Kóngulær í sýningargluggum	Kristín Ómarsdóttir	01:01
5.2.2018	Æskubrek á atómöld	Ragnar Arnalds	14:23
5.2.2018	Áfram líður tíminn	Clark, Mary Higgins	09:18
31.1.2018	Þorsti	Nesbø, Jo	19:47
30.1.2018	Um þjóðfræði mannlíkamans : fróðleikur um höfuð og hendur dreginn úr djúpi hugans	Pórður Tómasson	03:52
30.1.2018	Ég er Malala : stelpan sem barðist fyrir menntun og var skotin í höfuðið af Talíbbönum	Yousafzai, Malala	10:17
29.1.2018	Landnemar í Kópavogi	Leifur Reynisson	02:15
26.1.2018	Flóttinn	Sandra Bergljót Clausen	06:10
26.1.2018	Hönnun: Sögulegt ágríp	Hauffe, Thomas, 1961-	09:59
25.1.2018	Í liði forsætisráðherrans eða ekki?	Björn Jón Bragason	06:06
25.1.2018	Lukka og hugmyndavélin í svakalegum sjávarháská	Eva Rún Þorgeirsdóttir	02:15
24.1.2018	Þrautgóðir á raunastund : 1975-2000	Steinar J. Lúðvíksson	11:24
23.1.2018	Flóttinn hans afa	Walliams, David	06:56
18.1.2018	Formaður húsfélagsins	Friðgeir Einarsson	04:48
17.1.2018	Framúrskarandi dætur	Zoepf, Katherine	08:36
17.1.2018	Mamma, ég er á lífi : íslenskir piltar í víti heimsstyrjaldar	Jakob Þór Kristjánsson	17:03
16.1.2018	Magni	Ragnar Ingi Aðalsteinsson	08:56
16.1.2018	Tvennir tímar	Elínborg Lárusdóttir	05:15
16.1.2018	Nei, nú ert' að spauga, Kolfinna!	Hrönn Reynisdóttir	04:01
15.1.2018	Móðurlífið, blönduð tækni	Yrsa Þöll Gylfadóttir	08:17
11.1.2018	Ferðin til Mars	Eyrún Ósk Jónsdóttir	03:07
11.1.2018	Það sem dvelur í þögninni	Ásta Krístrún Ragnarsdóttir	09:06
10.1.2018	Af hverju ég?	Hjalti Halldórsson	01:46
5.1.2018	Útkall : reiðarslag í Eyjum	Óttar Sveinsson	04:27
5.1.2018	Njósnaarinn : skáldsaga	Coelho, Paulo	04:12

Grein - Rétturinn til að lesa er mannréttindi

Sigþór U. Hallfreðsson skrifar 28.6.2018 07:00 á Vísir.is

Opið bréf til menntamálaráðherra frá formanni Blindrafélagsins.

Á aðalfundi Blindrafélagsins, samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi, sem haldinn var þann 12. maí síðastliðinn var samþykkt að skora á íslensk stjórnvöld að standa dyggan vörð um starfsemi Hljóðbókasafns Íslands. Jafnframt að sýna í verki vilja sinn til að stuðla að bættu aðgengi að lesefni með því að gerast aðili að Marrakesh-samningnum um aðgengi að útgefnu efni, undirrita hann og lögfesta.

Áætlað er að innan við 10% útgefins lesefnis sé aðgengilegt þeim u.þ.b. 300 milljónum manna sem eru lestrarhamlaðir á prentletur (e. persons with print disabilities). Þar á meðal eru blindir, sjónskertir og lesblindir einstaklingar. Þetta hefur bitnað sérstaklega illa á fátækari löndunum. Þar sem ástandið er verst er innan við 1% útgefna titla gefið út á aðgengilegu formi s.s. punktalettri, stækkuðu lettri eða sem hljóðbók.

Af þessum ástæðum hefur lengi verið unnið að því að ná fram alþjóðlegu samkomulagi við höfundarrétthafa um að aðilar sem ekki starfa í hagnaðarskyni hafi rétt til að gefa út útgefið efni á aðgengilegu formi og opna á aðgang til þeirra sem á þurfa að halda og enda þar með þessa bókaþurrð.

Staðan á Íslandi er nokkuð góð samanborið við mörg nágrennalönd okkar. Hljóðbókasafn Íslands gegnir þar lykilhlutverki. Á árinu 2017 var heildarfjöldi prentaðra bókatitla í Bókatiðindum 607 titlar. Hljóðbókasafnið tryggði aðgengi tæplega 50% þeirra á hljóðbókarformi. Þó svo að þetta sé hátt hlutfall miðað við löndin þar sem staðan er verst, eru þetta samt sem áður innan við helmingur útgefna bókartitla.

Starfsemi og hlutverk Hljóðbókasafns Íslands byggir á Bókasafnslögum nr. 150/2012 og samningi á milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Rithöfundasambands Íslands, auk þess að vera í fullu samræmi við ákvæði Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Samkvæmt þessu hefur Hljóðbókasafnið heimild til að gera allt höfundarréttarvarið efni sem gefið er út á Íslandi aðgengilegt til útláns til notenda safnsins sem skv. lögum eru eingöngu þeir sem ekki geta nýtt sér prentað letur.

Mikilvægasta þjónustan

Í nýlegri skoðanakönnun sem Blindrafélagið lét gera meðal félagsmanna sinna var þjónusta Hljóðbókasafnsins metin mikilvægasta þjónustan sem blindum og sjónskertum einstaklingum stendur til boða. Það þarf ekki að fara í neinar grafgötur um hversu mikilvægur rétturinn til að lesa er.

Því miður hefur Hljóðbókasafn Íslands og viðskiptavinir safnsins þurft að sitja undir dylgjum og rógburði frá einstaka aðilum sem finna starfsemi safnsins allt til foráttu. Verði farið að kröfum þessa fámenna hóps mun réttur þeirra sem ekki geta nýtt sér prentletur og aðgengi þeirra að lesefni fljótt verða fyrir borð borinn.

En sem betur fer er ríkur skilningur á mannréttindahlutverki safnsins á meðal flest allra höfunda og réttihafa sem endurspeglast í samningi Rithöfundasambands Íslands og mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Í september 2016 tók gildi alþjóðlegur samningur, kenndur við Marrakesh, sem felur í sér mikla réttarbót fyrir þá sem eru lestrarhamlaðir á prentletur en markmið samningsins er að að liðka fyrir aðgengi að útgefnu efni. Samningurinn krefur samningsaðila um að gera ákveðnar takmarkanir og undantekningar á höfundarréttarreglum til að leyfa endurgerð, dreifingu, tryggja aðgang að útgefnu efni á aðgengilegu formi og að leyfa skipti á þessum verkum yfir landamæri. Samningurinn takmarkast við að þetta sé ekki gert í hagnaðarskygni og ávinningurinn er eingöngu þeirra sem njóta loks aðgangs að útgefnu efni. Læsi og aðgangur að lesefni er undirstaða menntunar, atvinnuþátttöku og virkrar þátttöku í samfélaginu. Marrakesh-samningnum er ætlað að gera því fólki sem er lestrarhamlað á prentletur kleift að njóta þessa til jafns við aðra.

Evrópusambandið (The Council of the European Union) samþykkti löggjöf um Marrakesh-sáttmálann 17. júlí 2017. Með löggjöfinni um framkvæmd Marrakesh-sáttmálans sem nú er í gildi hafa aðildarríkin frest til 10. október 2018 til að innleiða Marrakesh-viðmiðin í eigin löggjöf. Íslensk stjórnvöld hafa ekki enn sem komið er skrifað undir Marrakesh-samninginn.

Það er því eðlilegt að menntamálaráðherra ríkisstjórnar Íslands sé inntur svara um afstöðu og áform íslenskra stjórnvalda þegar kemur að Marrakesh-samningnum um leið og við hvetjum stjórnvöld til að standa dyggan vörð um þau sjálfsögðu mannréttindi að hafa aðgang að lesefni.

Höfundur er formaður Blindrafélagsins

Sótt 28/1/2019 af: <http://www.visir.is/g/2018180628926/retturinn-til-ad-lesa-er-mannrettindi-?fbclid=IwAR3EIVb1fUe63JGX6Tc2zeLgQeell-0bbR-6TcmVeeQPJU-UnG07W3dzkMA>